



Skólanefnd: Fundur 6/12 2013

Þriðji fundur skólanefndar FG á skólaárinu 2013 - 2014 haldinn föstudaginn 6.des 2013 kl.12:00. Mætt voru: Kristinn Þorsteinsson skólameistari, Steinþór Einarsson formaður skólanefndar, Þorkell Máni Pétursson, Áslaug Hulda Jónsdóttir varaformaður skólanefndar, Sigrún Gísladóttir, Ásdís Olsen og Siðríður Einarsdóttir (fulltrúi foreldra). Fundinn sátu einnig Gunnar Hólmsteinn Ársælsson fulltrúi kennara og Agnes Alda Magnúsdóttir fulltrúi nemenda.

Fundargerð 2. fundar skólanefndar á skólaárinu hefur verið sett á heimasíðu skólans.

1. Kristinn fór yfir stöðuna í fjármálunum, sem hann sagði ekki vera mjög slæma. Fór hann yfir ýmsa liði sem tengdust þessu. Almenn umræða um stöðuna og tónninn almennt jákvæður.
2. Starfsmannamál: Litlar breytingar, það markverðasta er að einn starfsmaður fer í leyfi til að taka í stöðu við HÍ. Kom fram að það þætti ákveðið gæðamerki fyrir skólann að starfsmaður úr honum fengi stöðu við HÍ. Fram kom spurningin hvort úrræði Vinnumálastofnunar hefðu verið nýtt af FG í sambandi við starfsmannamál almennt og var það nokkuð rætt.
3. Skólinn verður 30 ára á næsta ári og því tilefni til afmælisfagnaðar. Umræðan um þetta var í raun hafin á þessum fundi og skiptust fundarmenn á hugmyndum varðandi hvernig best væri að halda upp á afmæli skólans. Samþykkt að ræða málið betur á næsta fundi.
4. Mötuneytismál voru tekin upp af Sigríði, en ýmsar athugasemdir hafa komið fram hjá nemendum um þessi mál, m.a. að það sé ekki hægt að greiða með posa (greiðslukortum). Úrval, útlit og gæði matar rædd. Sú skoðun kom fram að gera beri kröfu um posa á næstu önn.
5. Dagsetningar næstu funda ræddir og ákveðnir: 24/1, 7/3, 4/4 og 6/6 voru ákveðnir sem fundardagar á vorönn.
6. Sigríður Einarsdóttir spurði hvort ekki stæði til að vinna úr niðurstöðum málþings sem haldin var í kjölfar könnunar meðal starfsfólks, nemenda og foreldra um starfsemi skólans. Fram koma að BA nemi nokkur vann gögn, sem stjórnendur skólans þyrftu að nálgast. Kristinn sagði að til hefði staðið að nota þessar niðurstöður við stefnumótunarvinnu síðasta vor en því hefði verið frestað fram til vorsins 2014.
7. Fleira ekki rætt og fundi slitið.

Ritað af: Gunnari H. Ársælssyni.